

## 49. Stjórnarfundur Nýheima 20. 5. 2015 kl. 8:30

**Fundarstjórn:** Kristín Hermannsdóttir

**Ritari:** Vala Garðarsdóttir

**Forfölluð:** Ragnhildur Jónsdóttir, Helga Árnadóttir

### Efni:

- **Fundarstjóri býður nýja meðlimi velkomna í stjórn Þekkingarsetursins Nýheima**  
Vilhjálmur Magnússon tekur sæti í stjórn þekkingarsetursins sem fulltrúi Vöruhússins fyrir hönd Nýsköpunarmiðstöðvar og Olga Ingólfssdóttir tekur sæti sem fulltrúi Ríkis Vatnajökuls.
- **Byggðasjóður styrkir Nýheima til að framkvæma verkefni sem kallast „Lýðræðisvitund og valdefling ungmenna“. Hugmyndafræðin og á bak við verkefnið og verkefnaáætlun kynnt og lögð fram til samþykkis stjórnar.**
- Margrét Gauja Magnúsdóttir, starfandi náms- og starfsráðgjafi í FAS, kynnti fyrir stjórninni styrkveitingu frá Byggðarannsóknarsjóði. Verkefnið er í grunninn valdefling ungs fólks og sjálfsstyrking. Rannsóknir benda til þess að það halli á ungt fólk sem býr á landsbyggðinni og varðar sjálftraust, samfélagslega þátttöku, lýðræðisvitund og virðingu gagnvart sjálfum sér ásamt öðrum þáttum. Markmiðið er að bæta stöðu ungs fólks í samfélaginu og styrkja þar af leiðandi samfélagið í heild. Styrkurinn er 3 milljónir króna. Stjórnin samþykkti styrkveitinguna og mun DAS ganga til samninga.
- **Bætt aðstaða til viðburða- og ráðstefnuhalds í Nýheimum. Áætlun um uppbyggingu tækjakosts í Nýheimum lög fram til samþykkis.**  
Verkefnastjóri kynnti tilboð í hljóðkerfi fyrir salinn í Nýheimum. Um er að ræða fjárfestingu upp á tæpar fimm milljónir króna. Lagt er til að fjármögnunin verði á höndum húseigenda. Verkefnastjóra, fulltrúa FAS og HÍ, auk fulltrúa Vöruhússins í stjórn var falið að vinna frekar að málinu.
- **Steinasafn Þorleifs Einarssonar í Nýheimum til frambúðar? Niðjar Þorleifs hafa áhyggjur af afdrifum og varðveislu safnsins í Nýheimum.**  
Snævarr Guðmundsson, sviðsstjóri hjá NÁTTSA, greindi frá því að sonur Þorleifs Einarssonar jarðfræðings hefði komið að máli við sig og rætt um framtíð steinasafns Þorleifs sem varðveitt er í Nýheimum og hvaða möguleikar væru í stöðunni til þess að gera því hærra undir höfði. Leggur Snævarr til að Nýheimar haldi safninu og geri það sýnilegt að hluta undir þaki Nýheima í skápum eða öðru slíku öðrum til gagns og gamans. Hornafjarðarsöfn og Náttúrustofa mun halda utan um þetta og kynna þegar þar að kemur.
- **Byggðapróunarsamtökin Landsbyggðin Lifir óska eftir að koma í heimsókn í Nýheima og kynna starfsemi sína og systursamtaka sína Hela Sverige skal leva.**

VG



Verkefnastjóri kynnti væntanlega heimsókn landsbyggðin lifir í Nýheima þann 13. júní og fyrirhugaða kynningu þeirra á samtökunum fyrir íbúa á Höfn. Verkefnastjóri verður samtökunum innan handar með skipulagningu viðburðarins.

- **Rannís óskar eftir tilnefningum til Hvatningaverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2015.** Ákveðið var að senda ekki inn tilnefningu að þessu sinni.

Önnur mál:

Kristín Henningsdóttir  
H. E. Henningsdóttir